

**250. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 14. nóvember 2022 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Halla Marta Árnadóttir, skipulagsfulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 2202110 - Niðurrif eigna í eigu Akraneskaupstaðar.**

Útboðsgögn vegna niðurrifs eigna í eigu Akraneskaupstaðar.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi útboðsgögn um niðurrif á Suðurgötu 108, Suðurgötu 124, Dalbraut 8, Dalbraut 10. Ennfremur samþykkir ráðið rif á Vesturgötu 62, svo framarlega að samkomulag náist við ríkið um rif á því húsi.*

**2. 2108031 - Hafnarbraut - Gatnahönnun**

Erindi frá Breið - þróunarfélagi um gatnaframkvæmd á Hafnarbraut. Lögð er fram tillaga.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að framkvæmd verði samkvæmt fyrirbyggjandi útboðsgögnum með þeirri breytingu að hugað verði frekar að gönguleiðum yfir Hafnarbraut til móts við aðalinngang Breiðar.*

*Því er ekki hægt að verða við framkomnu erindi þar sem lagt er til að bílastæði verði við Bárugötu 8-10.*

**3. 2211074 - Gatnaframkvæmdir í Skógarhverfi 3C og 5**

Tilboð voru opnuð í verkið "Skógarhverfi 3C og 5 - Gatnagerð og lagnir".

*Eftirfarandi tilboð bárust:*

*Borgarverk ehf. kr. 1.052.350.000  
ÍAV ehf. kr. 1.088.156.873  
Stéttafélagið ehf. kr. 1.590.743.500  
Þróttur ehf. kr. 1.106.331.850*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda.*

**4. 2211074 - Gatnaframkvæmdir í Skógarhverfi 3C og 5**

Umsókn um framkvæmdaleyfi.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja framkvæmdaleyfi vegna gatnagerðar í Skógarhverfi 3c og 5, skv. 10 gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.*



**5. 2211103 - Þjóðvegur - gatnagerð - framkvæmdaleyfi**

Umsókn um framkvæmdaleyfi.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja framkvæmdaleyfi vegna gatnagerð þjóðvegi, skv. 10 gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.*

**6. 2209140 - Deiliskipulag Flóahverfi - sameining lóða.**

Umsókn um að breyta deiliskipulagi Flóahverfis sem felst í að sameina lóðirnar við Lækjarflóa 5, 7 og Nesflóa 2.

Breytingin var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44.gr skipulagslaga nr. 123/2012 frá 3. október til og með 3. nóvember 2022.

Þrjú samþykki bárust og engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagsbreytingin verði samþykkt óbreytt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B deild stjórnartíðinda.*

*Allur kostnaður sem hlýst af breytingu fellur á lóðarhafa.*

**7. 2209196 - Deiliskipulag Flóahverfi - sameining lóða Nesflói 1 - Lækjarflói 9**

Umsókn um að breyta deiliskipulagi Flóahverfis sem felst í að sameina lóðirnar við Lækjarflóa 9 og Nesflóa 1.

Breytingin var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44.gr skipulagslaga nr. 123/2012 frá 3. október til og með 3. nóvember 2022.

Eitt samþykki barst en engar athugasemdir.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagsbreytingin verði samþykkt óbreytt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B deild stjórnartíðinda.*

*Allur kostnaður sem hlýst af breytingu fellur á lóðarhafa.*

**8. 2204191 - Deiliskipulag - Garðabraut 1**

Þann 7.nóvember sl. fór fram kynningarfundur fyrir nýtt deiliskipulag Garðabraut 1. Fundurinn fór fram í streymi og í sal að Dalbraut 4.

*Fundargerð lögð fram.*

**9. 2204205 - Deiliskipulag Akratorgreits - Kirkjubraut 1 breyting**

Umsókn um að breyta deiliskipulagi Akratorgreits sem felst í að fella niður byggingarreit fyrir bílskúr og setja 8 bílastæði innan lóðar.

Breytingin var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44.gr skipulagslaga nr. 123/2012 frá 2. september til og með 4. október 2022.

Ein athugasemd barst.

*Skipulags- og umhverfissráð samþykkir greinargerð skipulagsfulltrúa sem svar við athugasemd sem barst við breytingu á skipulaginu.*

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagsbreytingin verði*



samþykkt óbreytt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B deild stjórnartíðinda.

Ennfremur er lagt til við bæjarstjórn að greinargerð skipulagsfulltrúa sé samþykkt.

**10. 2209197 - Suðurgata 20 bílgeymsla - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn um að koma fyrir bílskúr á lóðinni Suðurgötu 20. Ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið.

Breytingin var grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44.gr skipulagslaga nr. 123/2012 frá 5. október til og með 9. nóvember 2022.

Eitt samþykki barst.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja áform um byggingarleyfi sbr. grenndarkynningu.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.**

*Gutur - Steinar - Guðrún*

*Valgerður G. Jónsdóttir*

*Sig. P. H.*

*Saraís Alexía Sigurmundardóttir*

*Hulda Maren Þorvaldóttir*